



maí 2025

Upplýsingar til heilbrigðisstarfsfólks

Ágæti lækni

Fræðsluefnið er útbúið og því miðlað til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun Dabigatran Medical Valley.

Fræðsluefnið samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Leiðbeiningar fyrir lækna vegna blæðingarhættu í fyrirbyggjandi meðferð gegn bláæðasegareki eftir valfrjáls mjaðmar- eða hnéliðskipti
- Leiðbeiningar fyrir lækna vegna blæðingarhættu í fyrirbyggjandi meðferð gegn heilaslagi og segareki í slagæðum hjá sjúklingum með gáttatíf og í meðferð við bláæðasegamyndun og lungnasegareki hjá fullorðnum sjúklingum og fyrirbyggjandi gegn endurkomu
- Leiðbeiningar fyrir lækna vegna notkunar hjá börnum
- Öryggiskort fyrir sjúkling

Leiðbeiningar fyrir ávísun og öryggiskort fyrir sjúklinga miða að því að auka vitund um hugsanlega blæðingarhættu meðan á meðferð með Dabigatran Medical Valley stendur og veita leiðbeiningar um hvernig eigi að stjórna þeirri áhættu.

Tilkynning aukaverkana

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögukerfinu. Aukaverkanir má einnig tilkynna til safety@medicalvalley.se.

Þetta fræðsluefni er ætlað hjartalæknum, nýrnalæknum, bráðalæknum, taugalæknum, innkirtlalæknum, öldrunarlæknum, lyflæknum, bæklunarlæknum, svæfingalæknum, lungnalæknum, barnalæknum, skurðlæknum og heimilis- og heilsugæslulæknum. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

Hægt er að sækja fræðsluefnið á vefslóðina www.serlyfjaskra.is og prenta það, eða óska eftir að fá það sent frá safety@medicalvalley.se.

Virðingarfyllt,

Medical Valley Invest AB